



YFIRLIT ÁRSINS 2020

Umferðarslys

YFIRLIT ÁRSINS 2020



Umferðarslys

Hús FBSR Flugvallarvegi 7 - 102 Reykjavík
Sími: 511-6500 - Fax: 511-6501 - netfang: RNSA@RNSA.is

Icelandic Transportation Safety Board (ITSB)

www.rnsa.is

Markmið laganna er að fækka slysum og auka öryggi í samgöngum með því að efla og bæta slysarannsóknir. Rannsókn samkvæmt lögnum skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa segir í fyrstu grein laganna.

Efnisyfirlit

NEFNDARMENN OG STARFSMENN.....	4
YFIRLIT ÁRSINS 2020 - Umferðarsvið	4
Tillögur í öryggisátt 2020.....	5
Hættulegt vegumhverfi	5
Reglur um mat á andlegu og líkamlegu hæfi.....	5
Grjóthrun og öryggissvæði	5
Kröfur til vetrarhjólabarða	5
Varakerfi hemla- og stýrisbúnaðar vinnuvéla.....	5
Forvarnir um svefn og þreytu	5
VETTvangur BANASLYSA 2020	6
ERLENT SAMSTARF 2020	6

NEFNDARMENN OG STARFSMENN

Árið 2020 unnu eftirfarandi nefndarmenn að skýrslum um banaslys í umferðinni á umferðarsviði RNSA.


- Geirþrúður Alfreðsdóttir, flugstjóri og verkfræðingur (formaður)
- Ásdís J. Rafnar lögfræðingur, (aðalmaður)
- Guðmundur Freyr Úlfarsson, verkfræðingur (aðalmaður)
- Guðrún Nína Pedersen, veðurfræðingur (varamaður)
- Kristín Sigurðardóttir lækni, (varamaður)

Nýr rannsakandi var ráðinn síðsumars eftir að Brynjar Stefánsson hætti störfum. Hinrik Jónannsson bílaverkfræðingur hóf störf haustið 2020 og starfar ásamt Sævari Helga Lárusson rannsóknarstjóra. Hinrik hefur viðtæka reynslu í hönnun og smíði ökutækja, en var áður í 15 ár hjá Arctic Trucks.

Umferðarslysasvið sinnir útköllum á landsvísu og er sviðið skipulagt með þeim hætti að a.m.k annar starfsmaður þess sé alltaf tiltækur til að sinna útkalli.

YFIRLIT ÁRSINS 2020 - Umferðarsvið

Árið 2020 létust alls átta manns í sjö slysum. Í einu slysanna létust tveir, ökumaður og farþegi bifhjóls eftir að ökumaður þess missti stjórn og rann framan á bifreið sem kom úr gagnstæðri átt. Eitt slysanna til viðbótar var bifhjólaslys. Alls létust því þrjú einstaklingar af átta í bifhjólaslysum árið 2020. Af þessum slysum voru fjórir útafakstrar og þrjár framanákeyrslur. Engin erlendur ferðamaður lést í umferðinni árið 2020 en undanfarin ár hefur um þriðjungur látinna verið erlendir ferðamenn.



Á mynd hér að ofan sést þróun banaslysa undanfarin 10 ár. Undanfarin ár hefur fjöldi banaslysa verið rúmlega eitt á mánuði en fjöldi látinna árið 2019 var langt undir meðallagi og næst besti árangur í 60 ár en árið 1939 létust fjórir einstaklingar í banaslysum í umferðinni.

Árið 2020 voru haldnir 19 fundir hjá umferðarsviði RNSA og var skýrslum um 15 banaslys í umferðinni lokið. Einu máli var lokað með bókun. Birti nefndin alls 7 tillögur í öryggisátt í skýrslunum og birti 27 ábendingar eða athugasemdir.

Mál höfðu safnast upp í afgreiðslu mála á umferðarsviði en árangur náðist árið 2019 og 2020 í að stytta afgreiðslutíma mála, bæði vegna þess að 16 málum var lokið á árinu og banaslys voru óvenju fá.

Tillögur í öryggisátt 2020

Hættulegt vegumhverfi

RNSA birti í skýrslu um banaslys sem varð á Ólafsfjarðarvegi nauðsyn þess að framkvæma öryggisúttekt á veginum vegna fjölda banaslysa sem þar hafa orðið. Veghaldari hefur nú þegar tekið vegin út og vinnur að lagfæringum eftir því som kostur er og fjárveitingar leyfa.

Reglur um mat á andlegu og líkamlegu hæfi

RNSA beindi þeirri tillögu til Samgöngustofu að setja reglur um hvernig meta skuli andlegt og líkamlegt hæfi umsækjenda um ökuskírteini eða endurnýjun þess eins og kveðið er á um í 3. gr. reglugerðar um ökuskírteini nr. 830/2011 með síðari breytingum. Samgöngustofa tilkynnti RNSA í kjölfar birtingu tillögunnar um að vinna sé hafin við gerð reglanna og eins nýs vottorðseyðublaðs.

Nefndin beindi einnig þeirri tillögu til Samgöngustofu að ávalt skuli undirrita yfirlýsingu um heilsufar í umsókn um ökuskírteini eða endurnýjun þess óháð því hvort læknisvottorði sé skilað með.

Grjóthrun og öryggissvæði

Í skýrslu nefndarinnar um banaslys sem varð á Vestfjarðarvegi í Hestfirði beindi nefndin þeirri tillögu til Vegagerðarinnar um að taka til skoðunar hvort ekki sé hægt að takmarka frekar þá hættu sem skapast af reglulegu grjóthruni úr hlíðinni fyrir ofan veginn. Vegagerðin tilkynnti nefndinni í framhaldi að farið yrði kerfisbundið í hlíðina til þess að losa um það grjót sem laust er orðið.

Kröfur til vetrarhjólabarða

RNSA beindi til Samgöngustofu þeirri tillögu að skerpa á kröfum sem gerðar eru til vetrarhjólabarða í reglugerð um gerð og búnað ökutækja. Að mati nefndarinnar er skilgreiningin á vetrarhjólabörðum í reglugerðinni ekki nægjanlega skýr. Samgöngustofa greindi nefndinni frá því að hún teldi fullt tilefni til þess að taka til skoðunar þetta atriði og mun greina RNSA frá afstöðu sinni þegar sú skoðun liggur fyrir.

Varakerfi hemla- og stýrisbúnaðar vinnuvéla


RNSA beindi þeirri tillögu til Vinnueftirlitsins að bætt verði inn í bóklega og verklega kennslu til vinnuvélaprófs að ítarlegar sé farið yfir virkni varakerfis fyrir hemla- og stýrisbúnaðar í skýrslu nefndarinnar um banaslys á veghefli. Vinnueftirlitið tók undir þessa tillögu og mun yfirfara kennslufni með þetta atriði í huga.

Forvarnir um svefn og þreytu

Í skýrslu nefndarinnar um banaslys sem varð á Snæfellsnesvegi beindi nefndin því til Samgöngustofu að vinna að forvörnum um svefn og þreytu til farþega sem til landsins koma með morgunflugum. Samgöngustofa greindi nefndinni frá því eftir birtingu tillögunnar að vinna að þessu væri hafin en birting herferðarinnar mun ráðast eftir því hvenær flugsamgöngur verða komnar í eðlilegt horf.

VETTVANGUR BANASLYSA 2020

Af þessum sjö banaslysum urðu fjögur á suðvestur horni landsins, eitt á Vesturlandi, tvö á suðurlandi og eitt á Norðurlandi eystra.



Staðsetning banalyssa árið 2020

ERLENT SAMSTARF 2020

Fulltrúar frá rannsóknarnefndum samgönguslysa frá Noregi, Svíþjóð, Finnlandi, Danmörku, Íslandi og Hollandi hittast árlega þar sem stofnanir bera saman bækur sínar, kynna rannsóknir og læra hver af öðrum. Svíar áttu að vera gestgjafar árið 2020 en sökum covid faraldursins var fundinum slegið á frest. Þó var haldinn fjarfundur í desember sem gekk vel. Einnig átti fulltrúi frá nefndinni að kynna starf hennar í Færeyjum í febrúar en þeim fundi var einnig frestað.



Hús FBSR Flugvallarvegi 7 - 101 Reykjavík
Sími: 511 6500 - Fax: 511-6501 - netfang: RNSA@RNSA.is